


## ✉ Re: Litlibakki - efnistaka. Umsagnarbeiðni

Búið til	5.5.2021 16:36:51
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	5.5.2021 16:36:50
Tilheyrir	 202104-0034 - Litlibakki Hróarstungu, efnistaka umsögn.

### Efni

Re: Litlibakki - efnistaka. Umsagnarbeiðni

### Upplýsingar

Sent	5.5.2021 16:36:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Jon.A.Jonsson@skipulag.is

### Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202104-0034 (LÁ, SS)

Í meðfylgjandi tölvupósti frá Skipulagsstofnun, dags. 16. apríl 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við tillögu að matsáætlun vegna efnistöku við Litlabakka í Múlaþingi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið fyrir framangreinda tillögu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram flest það sem fjalla þarf um í frekari vinnu við frummatsskýrslu. Fram kemur að sett verður fram áætlun um vinnslu í námunni þar sem fjallað verður um afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun, aðstöðu verktaka og frágangsaætlun.

Náttúrufræðistofnun telur, þar sem efnistökusvæðið er umfangsmikið eða 40 ha, að það þurfi að koma fram hvort hægt sé að áfangaskipta efnistöku og ganga jafnóðum frá þeim svæðum sem eru talin fullnýtt. Á bls. 12 í tillögu að matsáætlun kemur fram að „... efnid í áreyrunum er misjafnt og því getur orðið að leita að besta efninu fyrir hvert verk.“ Í frummatsskýrslu þarf að gera betur grein fyrir þessu og hvort mögulegt sé að kortleggja hvar besta efnid er að finna innan framkvæmdasvæðisins og með því hlífa því svæði sem inniheldur ekki eins eftirsóknarvert efni. Fram kemur á bls. 21 að „...jarðfræði námusvæðisins er vel þekkt eftir áratuga efnistöku.“ og því ætti sú þekking að nýtast vel.

Gera þarf grein fyrir núverandi framburði efnis í Jökulsá á Dal og hvort breytingar hafi orðið á vatnsrofi síðustu árin. Eins þarf að gera grein fyrir því hvort sandfok tengist efnisnámunni við Litlabakka og hvort hún hafi áhrif á nærliggjandi umhverfi.

Náttúrufræðistofnun telur að fram þurfi að koma upplýsingar um hvort leyfð sé efnis- eða úrgangslausun innan efnistökusvæðisins og þá hvers eðlis hún er.

Efnistökusvæðið við Litlabakka er rétt sunnan við B-hluta svæði sem Náttúrufræðistofnun gerði tillögu um á framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (<https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>)). Forsenda fyrir vernd eru vistgerðir, fuglar og selir. Það sem viðkemur framkvæmdarsvæðinu við Litlabakka eru einna helst fuglar og um þá stendur á staðreyndasíðu svæðisins (<https://www.ni.is/greinar/au-utherad>) (<https://www.ni.is/greinar/au-utherad>): „*Fuglalíf er mikið og fjölbreytt og þær tegundir varpfugla sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru kjói, skúmur, grágæs, lómur og flórgoði. Hið sama á við um grágæs á fjaðrafellitíma og fartíma. Eins er þarna nokkuð um himbrima.*“ Fram kemur í tillögu að matsáætlun að gerð verður grein fyrir fuglalífi við framkvæmdarsvæðið og áhrifum á þá vegna efnistöku.

Varðandi mat á ásýnd mælir Náttúrufræðistofnun með að loftmyndir séu einnig notaðar til að gefa skýra mynd af áhrifum á ásýnd úr lofti. Aukin farþegaflugumferð af ýmsum toga sem og sívaxandi hópur þeirra sem nota flygildi við náttúruskoðun, gerir það að verkum að sýnileiki svæða úr lofti verður æ mikilvægari þáttur í ásýndarmati.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Jón Ágúst Jónsson" <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Litlibakki - efnistaka. Umsagnarbeiðni  
**Date:** 16.4.2021 14:49:48

Ágæti umsagnaraðili,

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni ásamt rafrænni greinargerð vegna ofangreinds máls. Umsögn óskast send á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) (<mailto:skipulag@skipulag.is>) og [jonagust@skipulag.is](mailto:jonagust@skipulag.is) (<mailto:jonagust@skipulag.is>) fyrir 5. maí nk.

Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt.

Kveðja,

Jón

---

**Jón Ágúst Jónsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

Jon.A.Jonsson@skipulag.is

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)